

7. flokkur. Kr. 50.00 pr. 100 kg:
Tóbaksvörur, ilmvötn, snyrtivörur, skartgripir, rafmagnsvörur, fatnaður alls konar, hljóðfæri, upptökutæki, viðtæki, hljómplötur, ljósmyndavörur, rafmagnsáhöld, skófatnaður, símaáhöld, skrifstofuáhöld, sportvörur, skotfæri, vefnaðarvörur, úr og klukkur, dúnn og fiður.
8. flokkur. Benzín og olíur:
a. olía (fuel) kr. 12.00 pr. 100 kg.
b. hráolía, steinolía, kr. 40.00 pr. 1000 kg.
c. benzín kr. 60.00 pr. 1000 kg.
9. flokkur. Kr. 3.00 pr. stk.:
Sauðfé, endursendar umbúðir, tóm föt og tunnur.
10. flokkur. Kr. 10.00 pr. stk.:
Stórgripir, loðdýr.
11. flokkur. Kr. 1.00 pr. rúmfet:
Timbur og aðrar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.

Vöru skal flokka til gjaldskrár eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur, og greiðist gjaldið eins og þar segir, þó skal aldrei reikna vörugjald lægra en kr. 5.00 og brot úr gjaldeiningu reiknast sem heil.

Ef vafi leikur á því í hvaða flokki skuli telja einhverja vöru, úrskurðar hafnarstjóri, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarnefndar.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og landingarbætur, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 31. marz 1966.

Eggert G. Þorsteinsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð nr. 104 27. október 1931, um jarðeignamál í Seyðisfjarðarkaupstað.

1. gr.

Í stað orðanna „áður en þrjú ár eru liðin“ í c-lið 5. gr. reglugerðarinnar, komi: áður en eitt ár er liðið.

Ofangreind reglugerðarbreyting, sem gerð er af bæjarstjórn Seyðisfjarðar, staðfestist hér með samkvæmt sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. marz 1961, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 31. marz 1966.

Eggert G. Þorsteinsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.